

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 30. október 2020

Mál: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt (milliverðlagning), 3. mál

Samtök atvinnulífsins (SA) vísa til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 14. október þar sem óskað var umsagnar um ofangreint mál. Frumvarpið var lagt fram á 150. löggjafarþingi 2019-2020 en náði ekki fram að ganga. Í frumvarpinu er lagt til að lögfestar verði reglur um sektarheimild ríkisskattstjóra þegar skjölunarskyldir lögaðilar fara ekki að ákvæðum 5. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Eftirfarandi eru athugasemdir SA við frumvarpið.

1. Framkvæmdin á Norðurlöndum

Þegar tekna eru ákvarðanir um að setja íþyngjandi reglur er eðlilegt að löggjafinn horfi til þeirra nágrannaríkja sem Ísland ber sig helst saman við. Í frumvarpinu er vísað til framkvæmdarinnar í Danmörku og Finnlandi þar sem sektarfjárhæðir eru um 4,6 milljónir króna og 3,5 milljónir króna. Í Noregi eru hins vegar dagsektarákvæði sem hljóða upp á 500 NOK sekt á dag, upp að hámarki NOK 52.500 (um 729 þúsund kr.), ef gögnum er ekki skilað á réttum tíma. Að sama skapi er að finna heimild til þess að skattleggja lögaðila aukalega ef upplýsingar eru ekki réttar eða nægjanlegar og ef vanræksla á því að skila inn gögnum leiðir til skattaúvilnunar. Í Svíþjóð er ekki að finna sambærilegar sektarheimildir þeim sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þar eru þó annars konar úrræði, t.d. lögbann. SA telja að réttast væri að bíða með að lögfesta sektarheimildir og skoða betur framkvæmdina í nágrannaríkjum Íslands. Telji ráðuneytið það aftur á móti tímabært er sérstaklega mikilvægt að fjárhæðarmörkum sekta verði stillt í hóf. Ef gengið er lengra héraendis en í nágrannaríkjum okkar eða valin sú leið sem er mest íþyngjandi getur það haft alvarleg áhrif á samkeppnishæfni fyrirtækja og þar með Íslands. Það letur t.a.m. alþjóðleg fyrirtæki til þess að staðsetja sig á Íslandi.

2. Sektarfjárhæðir

Í 4. mgr. b-liðar 1. gr. frumvarpsins segir m.a. að sektir sem lagðar eru á lögaðila geti numið allt að 3 milljónum króna fyrir hvert reikningsár sem skattaðili hefur látið hjá líða að uppfylla skilyrði 1. ml. 5. mgr. að öllu leyti eða að hluta og getur sektarálagnin af þessu tilefni tekið til lengst sex tekjuára aftur í tímann og numið hæst 12. millj. kr. Þegar frumvarpið var kynnt í samráðsgátt stjórnvalda í byrjun árs 2020 skiluðu SA umsögn og gagnrýndu m.a. fjárhæðir sekta. Í samráðskafla greinargerðar fyrir liggjandi frumvarps segir að nokkurt tillit hafi verið tekið til þeirra umsagna sem hafi borist og m.a. sett hámark á sektarfjárhæð þannig að hún geti hæst numið 6 milljónum króna. Þannig fór frumvarpið fyrir þingnefndir vorið 2020. Nú hefur hins vegar hámarksfjárhæð sekta verið breytt aftur í 12 millj. kr. í stað 6 með þeim rökstuðningi að brot kunni að hafa staðið yfir í mörg ár og verið gróf. SA mótmæla þessari breytingu og telja mikilvægt að kannað sé gaumgæfilega hvernig framkvæmdin er í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Um er að ræða tvöfalt hærri eða lægri sektarfjárhæðir og óeðlilegt að breyta þeim eftir hentugleika án þess að fyrir liggji nákvæmt mat á því hvaða sektarfjárhæð er líkleg til þess að ná því markmiði sem að er stefnt.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins,

Heiðrún Björk Gísladóttir